



5. árg. 1. töl

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

jan. 2000

## Aðalfundur FÁT 1999

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð var haldinn á Hótel Scandia (Loftleiðum) 26.09.1999.

Dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf, formaður flutti skýrslu stjórnar og reikningar félagsins árið 1998 voru lagðir fram og samþykktir. Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Vilhjálmur Siggeirsson, kjörinn formaður, Bjarni Þór Kristjánsson, Halldór Vilhelmsson, Jón Adolf Steinólfsson og Guðmundur Ketill Guðfinnsson.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður kom á fundinn til okkar og flutti erindi og ræddi við okkur um íslenskan tréskurð frá fyrri tíð. Erindi Þórs var mjög fróðlegt og hann sýndi enn fremur skyggjur af gömlum útskurði frá Þjóðminjasafninu. Þór hvatti félagsmenn m.a. til að útfæra og stílfæra gömul íslensk mynstur og myndir í handverki og myndskurði nútímans.

Að aðalfundi loknum var haldinn stjórnarfundur í félaginu og rædd m.a. dagskrá haustmisseris. Í framhaldi skipti stjórnin með sér verkum.

Vilhjálmur formaður, Bjarni Þór varaformaður, Halldór gjaldkeri, Guðmundur Ketill ritari, Jón Adolf meðstjórnandi.

## Söfnun upplýsinga um tréskurðarfólk

Við erum að fara af stað með skráningu á útskurðarfólki, lífs og liðnum. Við viljum biðla til ykkar um upplýsingar um þá sem þið vitið um og þá viljum við vita: Fullt nafn og fæðingardag. (og dánardag ef látin(n)).

Heimilisfang og staður. Skólamenntun, sjálfsmenntun, lífsstarf.

Hvenær og hvað munir voru skornir/tálgáðir.

Hvar væri hugsanlega hægt að nálgast þetta fólk og þá muni sem það hefur gert.

Aðrar upplýsingar sem væru áhugaverðar í þessu sambandi.

Ef fólk er skráð í ættfræðirit eða grunna, þá auðvelda slíkar ábendingar alla skráningu.

Hafið samband við Bjarna Þór Kristjánsson, varaformann, Blesugróf 11, 108 Reykjavík, s. 5684654/6976294. Tölvupóstfang: [bthk@ismennt.is](mailto:bthk@ismennt.is) eða [talg@isl.is](mailto:talg@isl.is).

## Á döfunni - frá stjórninni

Sú hugmynd kom fram á stjórnarfundum nýlega að félagið stæði fyrir að fá teiknara/hönnuð til að útbúa kennslu- eða myndskurðarhefti fyrir félagsmenn FÁT. Til stendur að útfæra myndir eða mynstur m.a. af gömlum íslenskum útskurði og þær gerðar aðgengilegri fyrir útskurðarfólk. Stjórnin er nú að vinna að þessu máli og ábendingar um ákjósanlegan teiknara/hönnuð og verkefnaval í þessu sambandi eru vel þegar til stjórnar. Halldór Vilhelmsson (s. 5656122) ætlar að leiða þetta verkefni. Félagsmenn eru hvattir til að koma hugmyndum sínum í þessu sambandi á framfæri.

Þá hefur enn fremur verið rætt um að láta útbúa fyrir félagið tölvuforrit sem gæti radað saman stöfum úr höfðaletrinu og hægt væri að minnka og stækka lettrið að vild.

## Stóra vorsýningin árið 2000

Tréskurðarfólk er hvatt til að taka þátt í vorsýningu félagsins, sem haldin verður á 1000 ára afmæli kristnitöku. Sýningin verður haldin í Safnaðarheimili Háteigskirkju dagana 29. og 30. apríl n.k. kl. 13:00-17:00.

Yfirskrift sýningarinnar er **Landnám-Kristnitaka**. Allir ættu að geta fundið verkefni við hæfi og sýnt verk sín, þar sem yfirskrift sýningarinnar er vítt skilgreind. Félagsmenn eru brýndir til að ljúka verkum sínum tímanlega og huga að munum til sýningarinnar.

Í sýningarnefnd eru Jón Adólf s.8966234, Örn S. s.5512517, Bjarni Þór s. 5684654 og Halldór V. s.5656122.

## Dagskrá vorsins

### I. Teikninámskeið

**Teikning fyrir útskurð.** Námskeiðið er ætlað til að hjálpa útskurðarfólki að teikna og útfæra myndir og mynstur. Kennari er Hjördís Ólafsdóttir, myndmenntakennari.

Námskeiðið verður haldið laugardagana 5., 12. og 19. febrúar kl. 13:00-16:00, en kl. 14:00-17:00 laugardaginn 12. febrúar í húsi ÍSÍ við hlið Íþróttahallarinnar í Laugardal. Námskeiðið er ókeypis fyrir þá félagsmenn sem hafa greitt félagsgjaldið í ár. Öll gögn eru innifalin. Fjöldi þáttakenda er takmarkaður. Þátttaka tilkynnist til Bjarna Þórs í síma 5684654/6976294.

### II. Skrautform og stílbrigði í myndlistarsögunni.

Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur mætir á félagsfund hjá okkur og heldur erindi og ræðir við okkur um skrautform og stílbrigði í listum og er þá horft til útskurðar eftir því sem tilefni gefast. Þetta verður örugglega fróðlegt erindi sem félagsmenn mega ekki láta fram hjá sér fara.

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 27. mars kl 20:00 á sama stað og að ofan.

### III. Vorsýningin árið 2000. Landnám - Kristnitaka.

Vorsýningin verður haldin í Safnaðarheimili Háteigskirkju laugardaginn 29. og sunnudaginn 30. apríl n.k. kl. 13:00-17:00 báða dagana.

Rétt er að geta þess að brýningakvöldið með Bjarna Þór tókst með ágætum í október. Þórhallur Hólmgeirsson sem ætlaði að koma á fund til okkar forfallaðist. Sveinn Ólafsson myndskurðarmeistari kom til okkar á þann fund í nóvember og ræddi við okkur um íslenskan tréskurð og tréskurðarfólk fyrri tíma. Margir félagsmenn misstu þar af áhugaverðu og fræðandi erindi.

## Félagsgjöldin

Með þessu fréttabréfi eru sendir út giróseðlar til innheimtu félagsgjalda 1999-2000. Eru félagsmenn hvattir til að standa skil félagsgjalda hið fyrsta. Minnt er á að teikninámskeið FÁT er gjaldlaust fyrir þá sem hafa greitt félagsgjöldin og nokkrar verðslanir sem selja vörur til tréskurðarfólks gefa afslætti til þeirra félagsmanna sem sýna greidda greiðsluseðla eins og áður.

### Afslættir til félagsmanna FÁT

Húsasmiðjan hf.	10%	Efnagerð Laugarness	15%	Efnissalan	10%
Ingbór Haraldsson hf.	10%	Sögin hf.	10%	Smíðabær hf.	10%
Verslunin Brynja	10%	BYKO	12%		

### BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Birkihlíð 32

105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð

<http://www.islandia.is/~treskurd>

Ritstjórn: Jón Adólf Steinólfsson, Friðgeir Guðmundsson, Stefán H. Erlingsson,  
Vilhjálmur Siggeirsson *Umbrot: SamVil ehf*